

# 334. fundur Skólanefndar FS

## 25. nóvember 2015



**Mættir:** Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Lovísa Guðjónsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**

1. Skólasamningur.
2. Innramatsskýrsla.
3. Önnur mál.

### 1. Skólasamningur.

Skólameistari sagði frá endurskoðun skólasamnings en framvegis verður samningurinn til fimm ára en markmiðshluti hans til þriggja ára. Þar verður m.a. lögð áhersla á að taka upp tveggja ára framhaldsskólabrautir. Einnig verður leitað eftir því að ráða sálfræðing í hlutastarf við skólann til að veita nemendum ráðgjöf og aðstoð. Meðal markmiða er að auka aðhald með nemendum til að minnka brottfall.

### 2. Innramatsskýrsla.

Skólameistari kynnti innramatsskýrslu fyrir skólaárið 2014-2015. Þar er tekið saman hvort markmið sem sett eru fram í skólasamningi hafa náðst og farið yfir það helsta í rekstri skólans. Skýrslan er aðgengileg á vef skólans.

### 3. Önnur mál.

- a) Rætt um erindi um tengibyggingu sem myndi rúma aukið félagsrými nemenda. Málið er í vinnslu í ráðuneyti en ekki er útlit fyrir að mikið gerist í því á næstunni.
- b) Rætt um 40 ára afmæli skólans haustið 2016 og hvernig hægt er að fagna því. Nokkrar hugmyndir ræddar.
- c) Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi umsóknir um skólavist á vorönn. Um 60 nemendur útskrifast í lok haustannar.
- d) Gerð fjárhagsáætlunar er lokið en enn er óljóst hve mikið fjármagn skólinn fær. Ekki hefur verið skýrt að fullu hvernig launahækkningar í framhaldsskólum verða fjármagnaðar.

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'KJP', 'FS', 'SK', 'GU', and 'KR'.*



e) Steinunn Tómasdóttir hefur sagt starfi sínu sem fjármálastjóri lausu. Búið er að auglýsa stöðuna og ræða við umsækjendur og gengið verður frá ráðningu á næstunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Rut Þórisdóttir*

Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður

*Böðvar Jónsson*

Böðvar Jónsson

*Guðbjörg Kristmundsdóttir*

Guðbjörg Kristmundsdóttir

*Pétur Brynjarsson*

Pétur Brynjarsson

*Gunnar Valdimarsson*

Gunnar Valdimarsson

*Kristján Ásmundsson*

Kristján Ásmundsson

*Lovísa Guðjónsdóttir*

Lovísa Guðjónsdóttir

*Guðmann Kristþórsson*

Guðmann Kristþórsson, fundarritari